

Alþingi  
Erindi nr. P/30/2414  
komudagur 10.5.2004

Allsherjarnefnd Alþingis  
B.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur nefndarritara

Reykjavík 10. maí 2004

Efni: **Umsögn stjórnar Félags fréttamanna um 974. mál**  
*Breyting á útvarpslögum og samkeppnislögum*

Stjórn Félags fréttamanna fagnar skjótum viðbrögðum allsherjarnefndar (starfsmanns) við ályktun stjórnar um fjölmiðlafrumvarp ríkisstjórnarinnar sem send var nefndinni síðdegis á föstudag. Félaginu var þá boðið að senda umsögn um frumvarpið fyrir kl.16:00 í dag, mánudag. Þrátt fyrir góðan vilja stjórnarmanna tókst þeim ekki yfir helgina að gera allt í senn; lesa fjölmiðlaskýrslu fjölmiðlanefndar, rýna vel í sjálft frumvarpið, renna í gegnum stjórnarskrána, lesa vel samþykktir EES um fjölmiðla, kynna sér mannréttindasáttmála SP og skýrslu Evrópuráðsins (sérstaklega greinarnar sem fjalla um fjölmiðla), kafa ofan í útvarpslögin, fletta upp dómsmálum sem snerta prent- og tjáningarfrelsi, gaumgæfa lög og reglugerðir um samkeppismál, atvinnufrelsi og rétt vinnandi manna osfrv. Okkur gafst heldur ekki tími til að leita ráða hjá fróðu fólki um hin ýmsu atriði frumvarpsins. Aldrei reyndi því á smáatriði eins og að samræma skoðanir stjórnarmanna og koma álitum og umsögn á skiljanlegt mál. M.ö.o. stjórnin ítrekar furðu sína á þeim ógnarhraða sem viðhafður er við afgreiðslu frumvarpsins. Það er lágmarkskrafa að gefinn sé góður tími til ræða og fara yfir svo margslungið mál sem fjölmiðlafrumvarpið tekur á. Metnaður stjórnar Félags fréttamanna er meiri en svo að hún kæri sig um að senda frá sér efnislega umsögn á svo mikilvægu máli í tímahraki. Sú umsögn stæðist ekki kröfur okkar um vönduð og fagleg vinnubrögð.

Virðingarfyllt  
fyrir hönd stjórnar

Jón Gunnar Grjetarsson  
formaður Félags fréttamanna